

HÆSTvirtu alþingismenn

Mikið er það gleðilegt að enn finnist á alþingi fólk sem hefur greind, dug og skynsemi til að sjá það sem betur má fara í þjóðfélaginu og hefur kjark til að laga það sem laga þarf.

Engin sóun skal líðast þegar hægt er að koma í veg fyrir það.

Því er nauðsynlegt að fjárframlög til húsmæðraorlofs skulu af tekið og það strax og þó fyrr hefði verið.

Húsmæður hafa verið eins og hver annar baggi á þjóðfélaginu um áraraddir. Þær unnu að vísu heimilisstörfin eftir vinnudag kauplaust eða kauplítið um áraraddir og eiga því engan eða lítinn rétt á lífeyrir eins og dugandi HÆSTvirtir alþingismenn.

Þegar þær fóru út á vinnumarkað fengu konur að sjálfsögðu lægra kaup fyrir sömu vinnu og karlar og er séð um að svo sé enn (nema á alþingi) og er þetta skiljanlegt þetta eru nú bara konur. Vissulega fá þær því lægri eftirlaun úr lífeyrissjóðum eins og eðlilegt er, þó það nú væri..

Húsmæður hafa í gegnum árin einokað eldamenskuna og eytt fjármunum heimilisins endalaust í mat. Kaupa allt of mikið en nú er þó von til að erfiðlið fyrir brennivínsberserkina með brennivínskaupin lagist fljótlega. Þá verður hægt að setja pelann í matvælakörfuna hjá konunni enda dropinn bráðnauðsynlegur og telst því til matvæla í heimilisbókhaldinu.

Þessar húsmæður hrúga alltaf niður organdi börnum og þar eru þær líka með þessi sérréttindi að þeim er aldrei kenndur krakki sem þær eiga ekki.

Það þarf að koma í veg fyrir að þessar húsmæður, ömmur og mömmur sem alltaf hafa fleytt rjómann ofan af þjóðfélaginu séu með einhver sérréttindi, manneskjur sem aldrei hafa gefið neinum neitt.

Hvers vegna eiga þær nú að fara að ferðast á kostnað samborgaranna þær fá 183 824 krónur á mánuði og kannski 15 þúsund frá lífeyrirsjóði svo það er augljóst þær vaða í peningum þessar frekjur. .

Því segi ég dugmiklu alþingismenn afnemið þennan óþarfa strax það gæti bjargað landinu.

Kópavogi 7. mars 2015

Guðlaug Erl Jónsdóttir

0712362429

formaður Orlofsnefndar Kópavogs.